

Nd.

24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, komst í nefnd, en var fellt við 2. umr.

Allir þeir, sem fylgt hafa með framvindu félagsmála almennt hér á landi s. l. áratugi, hljóta að viðurkenna, að áhrifamestu samtök almennings eru stéttarfélögin og þá jafnframt þau fjölmennustu og telja nú yfir 26000 félaga. Allt frá stofnun fyrstu verkalýðsfélaganna um og eftir aldamótin síðustu hefur skortur á viðunanlegu húsnæði mjög háð eðlilegri og ákjósanlegri starfsemi þeirra. Á seinni árum hefur þó nokkuð úr þessu rætt hjá fjölmennustu félögunum, en allur þorri stéttarfélaga býr þó við þröngan og alls ófullnægjandi húsakost til fundarhalda og hvers konar fræðslustarfsemi, sem samtökunum er brýn nauðsyn á, að starfrækt sé. Að sjálfsögðu eru stéttarfélögin fyrst og fremst hagsmunasamtök, en jafnframt fræðslu- og menningarsamtök þess fólks, sem myndar þau, og þegar litið er yfir sögu þessara samtaka, ber ef til vill hæst hinn menningarlegi árangur af starfi þeirra. Hinn mikli skortur húsnæðis þessara félaga stafar ekki hvað sízt af fjárskorti til slíkra framkvæmda.

Sú breyting, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, er í því fólgin, að ríkisvaldið komi til móts við stéttarfélögin á sama hátt og hin virðingarverðu félög, sem um getur í lögunum, og er því einungis krafa um, að þau njóti sama réttar til lausnar þessum vanda sínum og önnur samtök almennings. Með samþykkt þessa frumvarps eru opnaðir möguleikar fyrir lausn þessa vandamáls, t. d. með því, að hin smærri félög myndi með sér samtök til lausnar húsnæðisvandræðum sínum með tilstyrk þess opinbera.